



**Fundargerð
Oddvitanefndar
uppsveita Árnessýslu**



Fundur nr. 12 – 11. febrúar 2026

12. fundur Oddvitanefndar uppsveita Árnessýslu (kjörtímabilið 2018 – 2022) var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 11. febrúar 2026 kl. 10:15.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir formaður, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Rekstrarform Laugaráshéraðs

Á 9. fundi oddvitanefndar þann 11. mars 2025 lagði nefndin til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að fenginn yrði ráðgjafi til að skoða eignarhald og framtíð Laugaráshéraðs, kt. 62016-5879. Var það lagt til í ljósi þess að verkefnum oddvitanefndar í tengslum við jörðina Laugarás hafi farið fækkandi undanfarin ár og við gerð nýs samnings um utanumhald Laugarásjarðarinnar hafi verið ákveðið að lóðarleiga og greiðsla fyrir heitt vatn greiðist beint til sveitarfélaganna í samræmi við eignarhlut þeirra í jörðinni.

Á 10. fundi oddvitanefndar þann 22. apríl 2025 bókaði nefndin um að sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna hefðu samþykkt að fenginn yrði ráðgjafi til að skoða eignarhald og framtíð Laugaráshéraðs, kt. 620169-5879 og samþykkti oddvitanefndin á þeim fundi að fá Lögmenn Suðurlandi í verkefnið.

Á 11. fundi oddvitanefndar þann 4. september 2025 var lagt fram minnisblað frá Lögmönnum Suðurlandi um tillögu að breytingum á rekstrarformi Laugaráshéraðs, kt. 620169-5879. Tillagan var á þann veg að heppilegast væri að leggja niður stofnunina sem Laugaráshérað er og færa eignarhlut stofnunarinnar í jörðinni Laugarási til sveitarfélaganna, m.a. í ljósi ákvæða sveitarstjórnarlaga og leiðbeininga samgöng- og sveitarstjórnarráðuneytis. Sveitarfélögin gætu svo gert nýjan samstarfssamning um samvinnu vegna jarðarinnar, í samræmi við sveitarstjórnarlög og fyrrnefndar leiðbeiningar ráðuneytisins. Þannig væri tryggt að samvinnan og fyrirkomulag reksturs fasteignarinnar, innheimta lóðarleigu, o.fl. stæðist ákvæði laga. Á þeim sama fundi lagði oddvitanefndin til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að samþykkja að leggja niður stofnunina Laugaráshérað, kt. 620169-5879, og að færa eignarhlut stofnunarinnar í jörðinni Laugarási til sveitarfélaganna. Jafnframt lagði oddvitanefndin til að Steinunn Erla Kolbeinsdóttir hdl., Lögmönnum Suðurlandi, yrði fengin til að vinna þetta mál áfram með nefndinni og stefnt yrði á að verkefninu yrði lokið áramótin 2025 – 2026. Voru tillögur oddvitanefndarinnar samþykktar af aðildarsveitarfélögunum í framhaldinu og hefur vinna við undirbúning þessa verið yfirstandandi undanfarna mánuði.



**Fundargerð
Oddvitanefndar
uppsveita Árnessýslu**



Fundur nr. 12 – 11. febrúar 2026

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir hdl., Lögmönnum Suðurlandi, hefur tekið við vinnslu máls þessa af Steinunni Erlu Kolbeinsdóttur hdl., og kemur inn á fundinn og fer yfir fyrirbyggjandi drög að nýjum samstarfssamningi um jörðina Laugarás og önnur gögn þessu tengd sem tekin eru fyrir undir fundarliðum 3-4 á fundi þessum. Jafnframt er farið yfir næstu skref vegna niðurlagningarinnar, fyrirkomulag þeirra og tímalínu.

Oddvitanefndin leggur til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að samþykka að fela Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur hdl. að ganga frá tilkynningu til Skattsins/Fyrirtækjaskrár um slit og afskráningu Laugaráshéraðs að frágengnu samþykki, frágangi og eftir atvikum þinglýsingu skjala skv. fundarliðum 2-4 á fundinum.

2. Drög að nýjum samstarfssamningi um jörðina Laugarás

Með vísan til framangreinds eru á fundi þessum lögð fram drög að nýjum samstarfssamningi um samvinnu vegna jarðarinnar Laugarás, í samræmi við sveitarstjórnarlög og fyrrnefndar leiðbeiningar ráðuneytisins. Í samstarfssamningnum er nánar tilgreint að samningsaðilar eigi jörðina Laugarás í Bláskógabyggð með öllu því sem henni fylgi og fylgja beri, þar með talið hlunnindum, s.s. jarðhitaréttindum, veiðirétti o.s.frv., í óskiptri sameign, í eftirfarandi eignarhlutföllum:

<i>Hrunamannahreppur</i>	<i>30,0%</i>
<i>Skeiða- og Gnúpverjahreppur</i>	<i>24,9%</i>
<i>Grímsnes- og Grafningshreppur</i>	<i>11,9%</i>
<i>Bláskógabyggð</i>	<i>33,2%</i>

Um er að ræða jörðina sjálfa og allar þær lóðir sem hafa verið skipt úr henni og í samningnum eru upptaldar þær fasteignir sem um ræðir samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum frá fasteignaskrá, en hún er sett fram með þeim fyrirvara að á hana kunni eftir atvikum að vanta eignir sem séu misskráðar hjá fasteignaskrá, en slíkar eignir falla jafnframt undir samninginn með sama hætti.

Tilgangur samningsins er, eins og skýrlega er kveðið á um í drögunum, að hafa á einni hendi stjórn og umsjón jarðarinnar. Í honum kemur jafnframt fram að aðilar séu sammála um að enginn samningsaðila eigi að hafa verulegan fjárhagslegan ávinning af samningnum né bera af honum skaða.

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur fela Bláskógabyggð með samningnum umsjón með eignarhlut sínum í jörðinni Laugarási og þar með talið fasteigna Laugaráshéraðs og allra þeirra hlunninda sem eignunum fylgja með þeim hætti sem nánar er tilgreint í samningnum.

Er m.a. tilgreint í samningnum að Bláskógabyggð fari með jarðhitaréttindi sem tilheyra jörðinni Laugarási og hafi rétt til nýtingar á jarðhitunum, annist rekstur hitaveitu í Laugarási og sé heimilt að fela Bláskógaveitu, kt. 630580-0139, jarðhitaleit og nýtingu jarðhitaréttinda sem tilheyra jörðinni. Samningurinn byggir á því að Bláskógaveita, sem er stofnun Bláskógabyggðar, verði jafnframt skuldbundin af efni samningsins.



**Fundargerð
Oddvitanefndar
uppsveita Árnessýslu**



Fundur nr. 12 – 11. febrúar 2026

Í samningnum er síðan nánar kveðið á um að Bláskógabyggð skuli fara með innheimtu leigu af löndum og lóðum og haldi eftir 40% af heildarupphæð innheimtrar leigu árlega sem endurgjald vegna kostnaðar við öflun á heitu vatni og umsýslu skv. samningnum. Eftirstöðvarnar renna til allra fjögurra landeigenda í samræmi við eignarhlutföll þeirra. Jafnframt er kveðið á um að endurgjald fyrir sölu á heitu vatni samkvæmt gjaldskránni skuli innheimtast af Bláskógaveitu og að 8,5% af brúttótekjum Bláskógaveitu af sölu á heitu vatni skv. gjaldskrá veitunnar skuli greiddast af Bláskógaveitu til aðildarsveitarfélaganna í samræmi við eignarhlutföll þeirra.

Gert er ráð fyrir að samningurinn verði uppsegjanlegur af hálfu allra uppsagnaraðila með eins árs fyrirvara sem byrji að líða næstu áramót eftir að uppsögn berst.

Oddvitanefnd samþykkir að klárað verði lóðarblað fyrir jörðina og að gert verði verðmat fyrir jörðina Laugarás og það fylgi fundargerð við afgreiðslu málsins.

Oddvitanefndin leggur til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að samþykkja fyrirliggjandi drög að samstarfssamningi um jörðina Laugarás.

3. Drög að eignayfirlýsingu vegna niðurlagningar Laugaráshéraðs

Jafnframt eru á fundi þessum lögð fram drög að eignayfirlýsingu sem felur í sér að við niðurlagningu Laugaráshéraðs, kt. 620169-5879, falli grunneignarréttur Laugaráshéraðs í öllum þeim fasteignum sem tilgreindar eru í fylgiskjali með eignayfirlýsingunni til eigenda Laugaráshéraðs í sömu eignarhlutföllum og að framan greinir. Um er að ræða sambærilega upptalningu og er að finna í fyrirliggjandi drögum að samstarfssamningi um jörðina skv. framangreindu. Í eignayfirlýsingunni er tilgreint að framangreind sveitarfélög taki við öllum réttindum og skyldum Laugaráshéraðs í framangreindum hlutföllum og að öll veðbönd á eignunum haldi gildi sínu ásamt því að stór hluti hinna afsöluðu eigna séu leigulóðir og allir leigusamningar haldi gildi sínu.

Oddvitanefndin leggur til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að samþykkja fyrirliggjandi drög að eignayfirlýsingu vegna niðurlagningar Laugaráshéraðs.

4. Drög að yfirlýsingu um ráðstöfun fjármuna og greiðslu kostnaðar vegna niðurlagningar Laugaráshéraðs og hagmunagæslu vegna jarðarinnar Laugaráss

Fyrir fundinum liggur jafnframt yfirlýsing um ráðstöfun fjármuna og greiðslu kostnaðar þar sem því er lýst yfir að við niðurlagningu Laugaráshéraðs skuli ráðstafa innistæðum á bankareikningum Laugaráshéraðs til Bláskógabyggðar f.h. allra eigenda jarðarinnar Laugaráss til umsýslu.

Fjármunirnir skulu nýttir til greiðslu kostnaðar vegna áframhaldandi vinnu við eftirfylgni niðurlagningar Laugaráshéraðs og við hagsmunagæslu vegna sameiginlegra eigna aðildarsveitarfélaganna skv. samstarfssamningi þeirra um jörðina Laugarás.

Oddvitanefndin leggur til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að samþykkja fyrirliggjandi drög að yfirlýsingu um ráðstöfun fjármuna og greiðslu kostnaðar vegna niðurlagningar Laugaráshéraðs og hagmunagæslu vegna jarðarinnar Laugaráss.



**Fundargerð
Oddvitanefndar
uppsveita Árnessýslu**



Fundur nr. 12 – 11. febrúar 2026

5. Húsnæði heilsugæslunnar Laugarási – misskráningar í fasteignaskrá

Í ljós hefur komið misskráning eignarhluta Laugarásshéraðs, og þar með aðildarsveitarfélaganna sem taka við þeim hagsmunum við slit Laugarásshéraðs, á lóð og húsnæði heilsugæslunnar Laugarási.

Oddvitanefndin leggur til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að samþykkja að fela Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur hdl., Lögmönnun Suðurlandi, að fylgja eftir hagsmunagæslu aðildarsveitarfélaganna vegna eignarhluts þeirra í fasteigninni og eftir atvikum annarra misskráninga sem kunna að vera í fasteignaskrá og þinglýsingum vegna jarðarinnar Laugaráss og útskiptra lóða.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:25.